

Umsögn frá: Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Dagsetning: 19. desember 2023

Númer og heiti þingmáls: 154. Lögjafarþing 2023-2024. Þingskjal 37- 37. mál.

Stjórnartillaga. Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls 2024-2027 og aðgerðaáætlun

Hugvísindasvið Háskóla Íslands fagnar því að fyrir liggi tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls og getur í meginatriðum tekið undir allt það sem fram kemur í tillögunni.

Sérstaklega skal þó undirstrikað að til að efla rannsóknir, skráningu og varðveislu íslensks táknmáls þarf að koma til aukið fjármagn í þennan málaflokk. Þá hafa Hugvísindasvið og Menntavísindasvið þegar hafið samtali um að koma á fót námi í kennslufræði táknmáls. Eigi það nám að verða að veruleika og taka tillit til þeirra áherslna sem fram koma í tillögunni þarf að bæta við stöðugildi á þessum tveimur fræðasviðum skólans. Æskilegt væri að ráða starfsmann sem hefur íslenskt táknmál að móðurmáli og gera ráð fyrir þeim kostnaði sem fylgir vegna túlkajónustu.

Haft var samband við Málnefnd HÍ vegna þessarar umsagnar og þar voru gerðar athugasemdir við lið F, Máltækni og aðgerðir er falla þar undir. Rétt væri á þessum stað, undir aðgerð F2, að nefna samstarfsaðila á sviði gervigreindar vegna áforma um gagnasöfnun. Mikilvægt verður að telja að til að hægt sé að nýta gervigreind verði að taka mið af slíkri þróun frá upphafi. Hér gætu samstarfsaðilar verið námsbraut í tölvunarfræði á Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ en einnig mætti kanna samstarf við aðila í Háskólanum í Reykjavík og Vitvélstofnun Íslands.

Virðingarfyllst,

Ólöf Garðarsdóttir

Forseti Hugvísindasviði Háskóla Íslands